



## Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 20. maí 2010.

Fundur var haldin í Framkvæmdahóp um byggingu sundlaugar fimmtudaginn 20. maí 2010, kl. 11:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.  
Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum.

### Málefni:

1. Verkstaða ýmissa verkþátta.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Verkstaða ýmissa verkþátta:

- Uppsetning er hafin á vatnsrennibrautum. Brautirnar komu í 3, 40 feta gámum. Uppsetning mun taka um 2 vikur. Dælur vegna rennibrauta eru komnar og verður gengið frá tengingum vegna þeirra á næstu dögum.
- Frágangur á steyptri útiplötu er á lokastigi. Rætt um að ljúka þeirri vinnu sem allra fyrst þannig að hægt verði að ljúka hreinsun og undirbúningi fyrir keyrslu á sundlaugarkerfunum.
- Uppsetning á grindverki er hafin. Ætti þeirri vinnu að ljúka á 1-2 vikum.
- Búið er að panta afgreiðslukerfi og allan búnað í anddyri vegna aðgangsstyringa.
- Búið er að ganga frá kaupum á borðum og stólum, bæði í anddyri, kaffistofu og í sal í norðurbyggingu. Guðmundur fór yfir þá liði og skýrði.
- Vinna er hafin við endurbætur á eldri búningsklefum en verið er að endurnýja flísar í sturtum og bæta hljóðvist með uppsetningu kerfislofta. Þá verða settir upp nýir fataskápar í klefanna. Vinnu við þá á að ljúka um mánaðarmót.
- Guðmundur fór yfir búnað sem staðsettur er í búningsklefum og gerði grein fyrir efnisvali og frágangi hans.
- Vinna við frágang á lóð hefst eftir hvítasunnuhelgina. Byrjað verður á jarðvegsskiptum á norðurhluta lóðarinnar og frágangi á aðkomu.

2. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12.00.

Valgarður Hilmarsson  
Guðmundur Haraldsson  
Stefán Árnason

Ágúst Þór Bragason